



Skipasund 12 Byggingarlýsing

Birt flatarmál: 73,0 m²

Lóðarstærð: 5.000 m²

Nýtingarhlutfall: 0,01

Aðrar stærðir sjá skráningartöflu.

Sótt er um stækkun á frístundahúsi að Skipasundi 12 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Húsið er á lóð númer L168799 og er staðgreinir 8719-1-45500100 samkvæmt fasteignaskrá. Húsið er ein íbúð á einni hæð.

Burðarvirki

Aðalbyggingarefni hússins er timbur og er það reist úr hefðbundnu timburvirki. Verður stækkunin byggð með sama hætti og eldra hús, en í útveggjum skal tryggð loftun og skal einangrun vera að minnsta kosti 150 mm þykk steinullareinangrun. Þak er sömuleiðis hefðbundi timbursperruþak, og skal einangrun vera minnst 2 x 150 mm steinullareinangrun. Klæðning hússins skal vera með sama hætti og upprunalegt hús, eða timburklæðning.

Húsið stækkar um 3 metra til norðurs, og skulu undirstöður vera úr steinsteypu, og skal burðarvirki hvíla á burðarbitum úr timbri sem tengjast elda húsinu. Gólf skal einangrað með minnst 100 mm einangrun og skal gólf vera klætt músaneti að neðanverðu til að forðast meindýr.

Gluggar og hurðir

Gluggar og hurðir skulu vera úr ál/tré kerfi og settir í eftirá. Tvöfalt K-einangrunargler skal vera í gluggum og skal loftbil vera allstaðar 12 mm í opnanlegum fögum og 9 mm í föstum fögum. Þar sem gluggar eru gólfsíðir eða nær gólfi en 60 cm skal vera öryggisgler í gluggum. Opnanleg fög skulu vera topphengd. Útidyrhurðir og svalahurð skulu vera læsanlegar. Aðalinngangur verður með bréfaluðu sem er samkvæmt ákvæðum í byggingarreglugerð. Bílskúrshurð skal vera rafdrifinn. Þröskuldar skulu aldrei vera hærri en 25 mm frá frágengnu gólfi.

U-gildi

U-gildi (W/m²K) einstakra byggingarhluta skulu vera samkvæmt kröfu um nýbyggingar í samræmi við eftirfarandi töflu í byggingarreglugerð:

Byggingarhluti:	Leyfilegt hámark U-gildis (W/m ² K)	
	Ti ≥ 18°C	18°C > Ti ≥ 10°C
Þak	0,20	0,30
Útveggur	0,40	0,40
Léttur útveggur	0,30	0,40
Gluggar (karmar, gler vegið meðaltal, k-gler)	2,0	3,0
Hurðir	3,0	Engin krafa
Ofanljós	2,0	3,0
Gólf á fyllingu	0,30	0,40
Gólf að óupphituðu rými	0,30	0,40
Gólf að útilofti	0,20	0,40
Útveggir, vegið meðaltal (veggfletri, gluggar og hurðir)	0,85	Engin krafa

Veitur

Húsið er kynnt með hitaveitu. Inntök heits- og kalds vatns skal vera staðsett í þvottahúsi, sem er í nýrri viðbyggingu við húsið, þar sem lagnagrind er staðsett. Niðurföll skulu vera í öllum blautrýmum. Inntök rafmagns og staðsetning rafmagnstöflu er sömuleiðis í téðri viðbyggingu. Skulu raf-, hita- og vatnslagnir vera samkvæmt uppdráttum lagna- og rafmangshönnuða og uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar.

Loftræsting

Öll rými í húsinu eru með opnanlegum gluggum og er því loftræsting náttúruleg.

Hljóðvist og birtuskilyrði

Við val á innréttingum, gólfefni og innanhúshönnun almennt skal hafa í huga hljóðvist í húsinu. Allir gluggar eru minnst 10% af grunnfleti þess rýmis sem þeir eru í, smbr ákvæðum byggingarreglugerðar.

Brunavarnir

Húsið er eitt brunahólf. Öll dvalarrými í húsinu skulu vera búin reykskynjurum. Handslökkvitæki skal vera til taks í eldhúsi. Flóttaleiðir skulu vera í öllum dvalarrýmum og skal stærð þeirra og frá gólfi vera samkvæmt kröfum byggingarreglugerðar.

Klæðning veggja og lofta skulu vera í flokki 1. Gólfefni skulu vera í flokki G.

Öryggiskerfi

Allar útihurðir skulu vera læsanlegar. Öryggiskerfi er á ábyrgð húseiganda.

Sorp

Frágangur sorps skal vera í samræmi við tilmæli Grímsnes- og Grafningshrepps.

Bílastæði

Bílastæði skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Breytingar

SKIPASUND 12

Frístundahús
805 - Grímsnes- og Grafningshreppur

Aðalteikning

Afstöðumynd og byggingarlýsing
Kvarði: 1:500

Teikninganúmer: A.2302A.1
Verknúmer: 2302A


Landnúmer: L168799
Fastanúmer: F2207580

Blaðastærð: A2
Uppr. hönnuður: Borgarhús hf
Höfundur: Sigursteinn Sigurðsson FAÍ



Dags: 15. apríl 2023

G J A F I
ARKITEKTÚR & SKÖPUN


Sigursteinn Sigurðsson, arkitekt FAÍ
160382-5119




Grunnmynd Skipasund 12
mkv 1:100




Útlit vestur
mkv 1:100




Útlit suður
mkv 1:100




Snið B-B
mkv 1:100



Snið A-A
mkv 1:100



Útlit austur
mkv 1:100



Útlit norður
mkv 1:100

Breytingar

SKIPASUND 12

Frístundahús
805 - Grímsnes- og Grafningshreppur

Aðalteikning

Grunnmynd, útlit og snið
Kvarði: 1:100

Teikninganúmer: A.2302A.2
Verknúmer: 2302A

Landnúmer: L168799
Fastanúmer: F2207580

Blaðastærð: A2
Uppr. hönnuður: Borgarhús hf
Höfundur: Sigursteinn Sigurðsson FAÍ

Dags: 15. apríl 2023

G J A F I
ARKITEKTÚR & SKÖPUN

Sigursteinn Sigurðsson, arkitekt FAÍ
160382-5119